


Samantekt pistla frá árinu 2018.



Efnisyfirlit.

1. Enginn undanskilin því að vinna
2. Að ganga með Kristi
3. Aðskilnaður ríki á andlega sviðinu
4. Ekki er sjálfgefið
5. Fallsfrétt
6. Kristur er núna
7. Orðið „Ábyrgð
8. Ofsóknir gegn kristnu fólki
9. Til eru lykjar
10. Verk á réttum tíma
11. Látum af. Gerum það sem gott er.
12. Við þurfum trú.

Engin er undanskilin því að vinna.

„1Korintubríf. 9 – 6-8. Eða erum við Barnabas þeir einu sem eru ekki undanþegnir því að þurfa að vinna fyrir upphaldi? Hver fer nokkurn tíma í stríð á eigin kostnað? Hver plantar víngarð og neytir ekki ávaxtar hans? Hver gætir hjarðar og neytir ekki af mjólk hjarðarinnar? Segi ég þetta af mannlegri reynslu eða segir ekki einnig lögmálið það?“- Gott innlegg. Páll ber spurningar upp við söfnuðinn sem við sjálf þekkjum og höfum máski sjálf gert. Svo er að sjá að erfiðleikum hafi verið bundið við að fá menn til starfa. Við könnumst við þetta og sjáum að frumkirkjan glímir við sama vanda. Af hverju? Ætli ekki vegna þess að hjarta manneskju er samt við sig. Bíst við því.

Samt er það svo og þrátt fyrir að fræðslan segi okkur að lítt hafi breyst tölum við oft um að við ættum að gera eins og fólk í frumkirkjunni gerði og skunda þangað. Þessi staðhæfing er röng því ef við skoðum ritningarnar kemur verkslagið hjá því ágæta fólk fram hjá okkur í dag. Að við sjáum að leiðin sem þá var farin er ekkert færari en er í dag og því greinilegt að við verðum að horfa eitthvað annað en þangað. Og hvað stendur þá eftir? Auðvitað Orðið sjálft og Jesús krossfestur og upprisinn. Engin tímabil á Biblíuferðlagi í trúarlífi fólks, ef svo má segja, tekur fram öðrum tímabilum sögunar hvað gæði varðar, átt við að eitt tímabil uppúr í sögu trúaðra, heldur hafa á öllum tímum verið uppi fólk sem glímdi, sem þjáðist, var efablandið og hikandi fólk, stundum ráðvillt, stundum fullvist og allt þar á milli, nákvæmlega eins og við erum svo oft í dag og engin munur á. Þetta snýst ekkert um breytni fólks heldur lifandi Guð.

Allt þetta fólk komst áfram eftir að hafa dregið hring utan um Jesús og gert sér grein fyrir að Orð Guðs sé uppáskrifaður grunnur sem finna má í Biblíunni. Orðið er og verður áfram vort hald sem við byggjum starf vort á og sömuleiðis vora trú en ekki svo mikið því sem vorir ágætu bræður og vorar ágætu systur gerðu í fyrndinni. Það hins vegar sem við drögum útúr því öllu saman eru verkin sem þetta fólk gerði í nafninu Jesús. Það hefur ekkert breyst. Biblían er okkur gefin til leiðréttingar og til halds og trausts í dag. Hvert sem við skundum í söguna að þá er Orðið hjá okkur í dag og segir eins og alltaf áður: „Aftur til Orðsins“- komi upp skekkja.

Af þessu fáum við séð að grunn getum við ekki byggt með neinum beinum hætti af verkum forvera okkar önnur en þau sem þeir unnu í Jesús nafni. Sem þá eru öll komin af trúnni. Biblían staðfestir trú. Þetta er lærdómurinn sem gengur frá einni kynslóð til annarrar. Jesús nafn blífir. Upphafsorðin sem við lásum gætu vel hafa verið töluð á síðustu samverustundum í kirkjunum sem fram fóru á dögum. Þetta er allt til staðar þar. Og fyrir þetta þrætum við ekki.

Engin vafi leikur á að fólk í frumkirkjunni vildi gjarnan hafa alla þá reynslu sem trúað fólk í okkar tíma hefur. Þannig hefur þekkingin af verkum Drottins haldið áfram og vaxið með því að hver kynslóð bætir við þekkingu í Jesús. Áfram munum við því lesa um efa, um vana, já, um heimsku, og allt hitt líka sem einkenndi fólk þá rétt eins og nú. Trú snýst ekki um neitt annað en Jesús nafn.

Það er Jesús sem er ankerið okkar. Festan okkar. Trúin okkar. Lífið okkar. Og bara nefndu það. Jesús er það. Vissulega þurfum við söguna en meira samt Biblíuna og vita að Drottinn lifir í dag og hefur kennslu handa deginum eins og verið hefur gegnum aldirnar. Til Orðsins viljum við leita til að öðlast trúarþroska. Allt býr í Orðinu og engu nema því. Trú vor byggir

á Orðinu, Heilagur Andi var gefin vegna Orðsins. Af Orðinu er Jesús kominn en ekki frumkirkjunni. Þó saga kirkjunnar hefjist þar. Flækjum ekki málið. Höfum trúna einfalda. Trúin er hér og nú. Jesú lifir! Hann lifir núna! Amen.

Að ganga með Kristi.

Það að ganga með Kristi og vera í Kristi merkir: „Breytt hugarfar.“ Engin getur gengið með frelsaranum nema að breytast innan frá og út. Gamla eðli mitt er það sem Kristur kom til að vinna sigur á og gerði á krossinum. Kristur vann ekki sína vinnu til að heimila mér að ganga áfram eins og ég áður gekk. Skipti slíkt engu máli að til hvers þá að fara á kross deyja þar? Menn því endurskoði þanka sinn, vilja og hvernig þeir breyti. Að átta sig á merkingunni, að vera verði keyptur, er hjálpleg hugsun til að skilja hvað Drottinn gerði.

Gangan með Kristi merkir breytt hugarfar sem kemur með nýrri sköpun í Kristi sem sér fólk og sjálfan sig með augum Krists. Ekkert af þessu er sjálfgefið að en allir með jafnan möguleika til svona breytinga. Heilagur Andi er aflið með burði til að draga hið sanna fram. Heilagur Andi er hann sem nærir trú mína eins og þarf. Skilningurinn er fyrir hendir leyfi ég Heilaleikanum í mér að virka. Við sjáum að allt er klárt og til staðar en mitt að virkja gjafir Guðs. Við sjáum að Drottinn kallar eftir samstarfi við mig. Segi ég já deyr gamli Adam.

„Kólossubréfið. 3. 23-25. Hvað sem þið gerið, þá gerið það af heilum huga eins og Drottinn ætti í hlut en ekki menn. Þið vitið og sjálfir að Drottinn mun veita ykkur arfleifðina að launum enda þjónið þið Drottni Kristi. Sá sem rangt gerir skal fá það endurgoldið sem hann gerði rangt og þar er ekki farið í manngreinarálit.“-

Hér er lykill. Allt sem ég tek mér fyrir hendur þarf að skína af Kristi. Eru verkin mín með þeim hætt unnin? Sjálfur reyni ég ekki að svara spurningunni en gef svarið eftir til hans sem metur þau eins og vera ber og trúi að það sem Guð hér segi sé nokkuð sem bæði ég og annað fólk þurfum að innleiða inn í vort eigið hjarta. „Jesús fer ekki í manngreinarálit,“- er öflugur boðskapur.

Gamli Adam er hindrunin fyrir Krist að myndast í mér. Gerist það ekki bý ég áfram við árekstrar við hold mitt. Gamli Adam hefur sín áhrif og ég vinn ekki verkið eins og Kristur ætti í hlut, sem voru mistökin sem ég gerði. Það er að segja! Hafi ég valið þessa leið. Gamli Adam vinnur eins og hann ávallt áður hefur gert. Velji ég Krist hverfur hann. Og allt er í friði.

Að skilja hvað sé átt við með orðunum, að vinna eins og Kristur sjálfur ætti í hlut, leysir vanda sem hrjáir hinn kristna sem til hægri og vinstri lætur fólk hafa áhrif á sig en gleymir að lagði sig allan fram en uppskar ekki neitt. Nema velvilja Guðs og verk honum til þægilegs ilms: „Og ég má vita þetta“- segir Drottinn. Drottinn í eigin persónu hressir fólk. Hann er hinn ferski andblær sem leikur um menn sína og konur. Þarftu meira? Hygg ekki.

Hvað er þá næst? Við eftirlátum Drottni allan dóm. Hann hvort eð er metur verkin okkar og umbunar hverju góðu verki sem fram gengur af höndum okkar og munni og segir að sá sem rangt fremji muni fá það endurgoldið sem hann gerði rangt. Við sjáum að eina sem ég þarf að

hafa hugfast er að vera með hjarta mitt rétt stemmt við vilja Guðs. Samt er eins og tala við steininn að tala með þessum hætti. Allir, flestir, telja að átt sé við aðra en sjálfð.

Lykillinn að hjarta Jesús er að starfa að hverju sem maður tekur sér fyrir hendur eins og Drottinn ætti í hlut. En hve langt eigum við ekki eftir til að ná þessu? Við mærum þá sem eru ekki að gera neitt nema sinna sjálfinu og spörkum jafnvel í fólk sem enn af heilum huga hangir við þetta. Ekki samt af illgirni né óvilja heldur af þeirri ástæðu að sjá ekki rétt né meta út frá vilja Guðs. Gamli Adam vill ekki og fær heldur ekki að deyja. En okkur er gefin lykill sem heitir: „Ég vinn eins og Kristur eigi í hlut.“- Notum hann. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Aðskilnaður ríkir á andlega sviðinu.

Manneskja sem talar á andlegan hátt getur ekki náð til fólks sneiddu andanum vegna þess að skorta skilninginn. Andi og hold mannsins rekast á og standa hvoru gegn örðu. Allt andlegt er fyrir henni eintómt bull. Er enda andlegt annar veruleiki fyrir manneskju en það sem er holdlegt sem hún fæðist inn í og dvelur í. Eða uns Kristur verður fyrir henni veruleiki. Hann er þetta nýja.

Engin ný sannindi eru sögð hér heldur sagan okkar allra sem tókum trú og byrjum að stíga fram í trúnni. Fólkið mætir viðbrögðum á sínum fyrri stöðum og sér fljótt að það að tala um þessi nýju hugðarefni sín verður ekki létt verk. Hvað tíminn leiðir í ljós er annað og bendir á þolinmæði. Með þessum hætti er þessu öllu saman stillt af Guð sjálfum til að fólk læri að vera þar sem hans fólk sé. Og hvar er það? Í kirkjunni og söfnuðunum og meðal annarra trúaðra með anda Guðs sér. Söfnuðirnir eru ekki skipaðir eintómu fullkomnu fólki heldur fólki sem er breyskt og eins og hver annar en hefur í sér Anda Guðs og með öll skilyrði í sér til að tala á sama hátt og aðrir frelsaðir Guðs Orð með skilningi. Heimurinn getur ekki þetta vegna skorts á skilyrðum. Ekkert verið að tala um gáfur. Þær eru annað og koma þessu máli ekkert við. Vanti bílnum þínum tækið sem gerir honum kleyft að gefa stefnuljós, nú þá blikka engin ljós. Sama gildir um trúna og skilyrðin til að skilja Guðs Orð. Að skilja Orð Guðs er gjöf, ekki að handan heldur ofan:

Markúsarguðspjall. 6. 1(b) -4. Menn sögðu: „Hvaðan kemur honum þetta? Hver er sú speki sem honum er gefin og hvernig getur hann gert slík kraftaverk? Er þetta ekki smiðurinn, sonur Maríu, bróðir þeirra Jakobs, Jóse, Júdasar og Símonar? Og eru ekki systur hans hér hjá okkur?“ Og þeir hneyksluðust á honum. Þá sagði Jesús: „Hvergi er spámaður minna metinn en í landi sínu, með frændfólki sínu og heimamönnum.“- Hér er bent á að hold manna gagnist á engan hátt andlegum skilningi.

Allir sem trú taka komast fljótt að raun um sama. Það sér að annar veruleiki er kominn til þeirra sem ekki var áður. Og vegna þess að illt afl er í heiminum byrja allskonar pústrar að gerast sem ekki voru til staðar og undirstrika þennan aðskilnað sem orðin er og af Guði gefinn. Hann vill fá sitt fólk sem skjótast yfir í sínar raðir til að hann sjálfur fái kennt því eigin lexíu og það eignist skjótt andlegt heimili. Allt með þeim tilgangi að nota þetta fólk til að sækja aðra sem Drottinn á eftir fær dregið útúr myrkri heimsvættanna yfir í ljósið sitt. Og ljósið er kirkjan, kristilega fræðslan, samfélag trúaðra og allt hitt sem þar er. Ekkert af þessu

er mannaverk heldur að öllu leyti Guðs verk. Skilningurinn á Guði og verkum Guðs er ekki minn heldur gjöf Guðs til mín. Og það er ekki sama.

Við sjáum þetta vel í ræðunni sem Páll flutti Agripa konungi sem hlýddi á Pál um stund en fékk svo nóg af „orðagjálfrinu“ og kom þar með upp um sig af hvers anda hann talaði að var ekki Guðs Andi heldi af anda heimsins, sem við öllu vorum af. Einnig við sem í dag höfum í okkur Anda Guðs. Að við hreykjum okkur ekki heldur frekar þökkum:

„Postulasagan. 26. 24-29. Þegar Páll var hér kominn í vörn sinni segir Festus hárra raustu: „Óður ert þú, Páll. Þitt mikla bókvit gerir þig óðan.“ Páll svaraði: „Ekki er ég óður, göfugi Festus, heldur mæli ég sannleiks orð af fullu viti. Konungur kann skil á þessu og við hann tala ég af einurð. Eigi ætla ég að honum hafi dulist neitt af þessu enda hefur það ekki gerst í neinum afkima. Trúir þú, Agrippa konungur, spámönnunum? Ég veit að þú gerir það.“ Þá sagði Agrippa við Pál: „Með litlu hyggur þú að geta gert mig kristinn.“ En Páll sagði: „Þess bið ég Guð, hvort sem lengur dregst eða skemur, að ekki einungis þú, heldur og allir, sem til mín heyra í dag, verði slíkir sem ég er að frátöldum fjötrum mínum.“ - Ljóst er að það að tala Guðs Orð er ekki fyrirfram gefið neitt áhlaupsverk. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Ekki er sjálfgefið

að menn þekki mátt ákvörðunar. Ákvörðunin er með þá eiginleika að manneskja sem hana tekur hefur fastsett sér ákveðið. Að haggja ákvörðun er auðvitað vinnandi vegur en samt eitthvað sem allir menn munu setjast yfir og athuga betur með. Betra er að taka ákvörðun en vera með hugsanir sínar í lausu lofti um hvað maður eigi að gera og hvernig að framkvæma verk. Hver sem eru. Ákvörðunin er góð en getur í vissum tilvikum togast á við manninn. Hann vill og ákveður en er að betur athuguðu máli hugsu um hvort hún sé rétt með stöðu sína í huga. Og kemst að raun um að betra sé, verksins vegna, að vera kyrr. Hitt hefði samt verið í lagi með. En ekki verður bæði haldið og sleppt.

„Predikarinn 5. 3-4. Þegar þú gerir Guði heit frestaðu þá ekki að efna það því að hann hefur ekki velþóknun á heimskingjum. Efndu það sem þú lofar. Betra er að þú heitir engu en að þú heitir og efnir ekki.“- Allskonar svona getur komið upp þó ákvörðun komi. Þá byrjar samviskan að togast á við ákvörðunina því þannig er þessu og farið að ýmislegt höfum við sagt andspænis Guði sem hann vill að við séum með í og sinnum áfram. Þetta snýst ekki um fólk heldur vilja Guðs. Munum það. Vilji hann breytingar að þá mun hann gefa fyrirmæli. Samt er það svo að ákvörðunin sem hvort sem er ég eða þú tókum þarf ekki að hafa verið röng en kannski kom hún á óheppilegum tíma. Segjum það frekar. Stundu þarf að horfa til þess sem er og við erum að sinna. Þarna kemur til ábyrgðartilfinning sem blandaði sér í teitið og einhverveginn tókst að styrkja ákvörðunina um að vera. Og láta hitt bíða um stund. Togstreita.

Margt þarf að ígrunda og eitt af því sem kristinn maður hefur og er gjöf frá Guði og er friður. Samt er staðan- “Á ég að fara, eða, á ég að vera“- og er um leið glímuefnið en samt friður yfir báðum. Drottin mun blessa hvora ákvörðunina fyrir sig. Hví? Guð er góður. Munum það. Máttur ákvörðunarinnar er gríðarlegur:

„Postulasagan. 21. 10-14. Þegar við höfðum dvalist þar nokkra daga kom spámaður einn ofan frá Júdeu, Agabus að nafni. Hann kom til okkar, tók belti Páls, batt fætur sína og hendur og mælti: „Svo segir heilagur andi: Þannig munu Gyðingar í Jerúsalem binda þann mann sem þetta belti á og selja hann í hendur heiðingjum.“ Þegar við heyrðum þetta lögðum við og heimamenn að Páli að fara ekki upp til Jerúsalem. En hann sagði: „Hví grátíð þið og hrellið hjarta mitt? Ég er eigi aðeins reiðubúinn að láta binda mig heldur og að deyja í Jerúsalem fyrir nafn Drottins Jesú.“ Honum varð eigi talið hughvarf. Þá létum við kyrrt og sögðum: „Verði Drottins vilji.“- Hér sjáum við ákvörðun einstaklings sem ekki verður haggð þrátt fyrir allskonar orð sem menn, vinir, telja aðvörunarorð og er glögg mynd af því hversu óhagganleg ákvörðun manns geti verið. Engin utanaðkomandi fær hróflað við henni en maðurinn sjálfur gæti það hins vegar. Einstaklingi er gefin skynsemi og viska til að vega og meta. Það er ákvörðunin sem breytir lífi fólks en ekki að vera með sitt hangandi í loftinu og án róta. Slík staða veldur uppstandi og slítandi lífi.

Sumir reyndar hafa útlagt þetta vers um Pál með þeim hætti að það hafi ekki verið vilji Guðs að hann hætti sér til Jerúsalem vegna ástandsins á fólkinu sem þar var vegna Orðsins um frelsarann Jesús Krists og má vel vera að sé rétt útlistun. Sjálfur sér maður ekki glögg hvað Páli gangi til með því að gera það sem hann gerði og kasta sér svona beint í gin úlfsins. En verkið sýnir vel mátt ákvörðunarinnar og hvernig henni verður ekki haggð hvernig sem látið er með mann sem hana hefur tekið. Að breyta ákvörðun getur engin nema sá sem hana tók sem mögulega Drottinn sjálfur kemur til vegar. Við vitum að hann gefur engum manni skipanir um eitt né neitt og virðir fullkomlega vald mannsins til eigin ákvarðanatöku. Hann hins vegar kemur með aðvörunarorð til fólks, sé því að skipta og er annað mál. Ákvörðun hvernig sem á er lítið er stórmerkilegt viðfang. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Falsfrétt.

Orðið „Falsfrétt“ er nýtt í málinu. Það byrjaði með komu Donald Trump í stól forseta Bandaríkjanna fyrir um tveimur árum en var ekki inni fyrir tíma hans á valdastóli. Fallsfréttin er tímanna tákn og ábending til okkar hinna um að menn gerist æ ósvífnari í að ná sínu fram. Falsfrétt er birt í þeim eina tilgangi. Og hún er vísvitandi sett fram.

Að vilja ná sínu fram með lygum hefur ekki verið til farsældar fundið. Sá tími kemur að fólk fái nóg af slíku. Svo gæti og farið að menn setji spurningamerki við æ fleiri fréttir sem birtast. „Snjalli maðurinn“ sem hóf þessa leið grefur eigin gröf haldi þetta ferli áfram og fréttamiðlar áfram að birta falsfrétt um atburði sem eru svo úr lagi færðir að jaðri við hreinar lygar. Engin glóra er í slíkri þróun og hana má vel stöðva.

Að vilja og eða fá sig til að birta falsfrétt vitandi vits er í grunninn af hefnigirni. Hefnigirni er löstur hvar sem hún finnst. Hún er algeng meðal okkar. Hefnigirni er angi af vonsku. Þaðan kemur falsfréttin.

Nútíminn er því marki brenndur að fólk, margt hvert, ekki allir, höfum það á hreinu, getur verið hreint ótrúlega ósvífið og vílar ekki fyrir sér að beita tuddatökum telji það að sér vegið eða er á þeim stað að vilja ná árangri en hefur á margan hátt farið úr böndunum og skekk

mynd og meira en margan grunar. Að svindla er afleiðingin og svindlarinn svindlar með þeim hætti að ekki komist upp. Samviskan krælir ekki lengur á sér. Falsfrétt þiggur víða fóður.

Biblían sem æ sjaldnar er farið eftir en er samt besta rit sem völ er á til að við höldumst á varðbergi með okkur sjálf. Hún segir margt sem fær samviskuna til að vera vakandi en samt rólega. Maður sem breytir rétt glímur ekki við eigin samvisku. Að slökkva samviskuna er langt ferli sem kemur af langvarandi óheiðarleika, lygum og prettum. Eftir vissan tíma með sig sjálf „í dimmunni“ byrjar fólk að mæra og réttlæta allskonar sem ærlegt fólk gerir ekki. Í hendi, en óheiðarlega fengið, er tímabundinn árangur: „Upp komast svik um síðir“- segir eitt máltækjanna. Falsfréttin mun fletta ofan af sér sjálfri. Að eiga sér slíka fullvissu fær forðað mörgum manningum frá að stíga inn á vafasömu braut falsfréttarinnar og hreinu illsku. Ærlegt fólk hafnar þessari leið.

Hvert sem litið er má lesa og sjá hálfkveðnar vísur og ábendingar sem segja engum neitt. Í dag er mikið um „Leyndó“ sem menn vilji ekki að fari lengra. – Að sinni, að minnsta kosti. Þetta er hægt að skilja. Sá og eða sú hefnigjarna (oft ærð af „réttlætiskenn“) gæti fengið af pata. Og hvað gerist þá? Bylgja fer af stað. Og hver vill stoppa bylgju? Gæti reynst erfitt. Falsfréttin er skipulagt bragð og ekki heiðarleikans en þarf ekki að koma neinum á óvart.

Allt afleiðing af fjarlægð fólks við lifandi Guð og skírum vilja hans. Guð skapaði allt þetta fólk og gerði frá fyrstu tíð ráð fyrir sér sjálfum gangandi með því og vera fyrir það leiðbandi afl til góðs og sem vísaði um veg réttlætis og heiðarleika en syndin (sem má ekki tala um. Þið vitið! Hreyfir samviskuna) hefur afbakað og vald hennar hefur komið öllu þessu til leiðar sem hér er nefnt og felur ekki í sér eitt gott verk til lengri tíma litið. Falsfréttin er afleiðing langvarandi syndugrar hugsunar.

„2Tímóteusarbréf. 2. 3-5. Þú skalt og að þínu leyti illt þola eins og góður hermaður Krists Jesú. Enginn hermaður bendlar sig við önnur störf. Þá þóknast hann ekki þeim sem hefur tekið hann á mála. Sá sem keppir í íþróttum fær ekki sigursveiginn nema hann keppi löglega.“

Jesús er leiðin frá allri falsfrétt. Veljum því hann. Hann lifir! Amen.

Kristur er núna.

Mikilvægt er fyrir trúað fólk að gera sér ljóst að Kristur er ekki bara upprisinn frá dauðum og lifir í dag heldur er hann líka með okkur hér og nú en ekki bara í einhverri komandi framtíð. Hann gengur með okkur skrefin sem við stígum og þekkir þanka núsins. Þetta er sagt með þessum hætti af þeirri ástæðu að okkur hættir til að gleyma að Kristur sé í dag.

Að menn einhvervegin sjái Krist í komandi framtíð er eðlilegt því Kristur er Andi en ekki hold, eins og ég og þú erum. Allt í kring sem við sjáum getum við snert á og þreifast á og þurfum ekki neinar pælingu um hvert það sé tré og eða maður sem við sjáum þarna. Sé svo þá bara setjum við upp gleraugun, og málið er leyst. Við vitum hvers kyns sé af því að sjá.

Kristur er fullkomlega raunverulegur en berum augum manna ósýnilegur. Aftur vill Drottinn draga hring utan um orðið „trú“ í lífi okkar:

„Jóhannesarguðspjall. 11. 23-27. Jesús segir við hana: „Bróðir þinn mun upp rísa.“ Marta segir: „Ég veit að hann rís upp í upprisunni á efsta degi.“ Jesús mælti: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig mun aldrei að eilífu deyja. Trúir þú þessu?“ Hún segir við hann: „Já, Drottinn. Ég trúi að þú sért Kristur, Guðs sonur, sem koma skal í heiminn.“-

Vissulega greinum við trú í orðum Mörtu og engan efa um hver Jesús sé. Samt á hún í basli með að sjá hann gera verk í „beinni,“- ef svo má að orði komast heldur vísar til framtíðarinnar og upprisunnar sem hún greinilega trúir að muni gerast en sér ekki andartakið og að maðurinn henni við hlið sé sjálf upprisan í verki, líkt og Kristur reynir að benda henni á. Með öðrum orðum að þá færir hann sig sjálfan, sem Drottinn, munum það, beint til manneskjunnar Mörtu þar sem hún er stödd í deginum en hún aftur á móti talar til framtíðar lítið. Sér ekki samhengið. Kristur er enn með okkur eins og við sjáum að er í veruleika Mörtu. Hann lifir og segir sjálfur að hann haldi í hönd okkar og að engin muni slíta okkur þaðan. Er það ekki þetta sem við stundum eigum í erfiðleikum með að koma auga á í daglegu erli? Sumir gætu tekið undir þetta og allir sem skoða vettvanginn ögn betur:

„Jóhannesarguðspjall. 11. 32. María kom þangað sem Jesús var og er hún sá hann féll hún honum til fóta og sagði við hann: „Drottinn, ef þú hefur verið hér væri bróðir minn ekki dáinn.“-

Sama gerist í tilviki Maríu er hún hittir Krist að hún ekki fremur en Marta systir sín sér ekki heldur Jesús sem þessa upprisu og kraft á staðnum sem fær sé um að reisa við dauða í andartakinu sem fólkið dregur andann í heldur bregður fyrir sig veikleika manneskju með orðunum að hefði hann verið á staðnum væri Lasarus ekki dáinn, og þar fram eftir götunum. Sumt í lífinu er manni einhver veginn svo fjarri á stund sorgar og harms vegna dauða, eða hörmunga sem yfir dynja og við jafnvel segjum: „Hvar ertu nú Kristur?“. Allt eðlilegt horft með augum manns því dauður maður er án alls lífs og er farinn. Allir vita þetta. Við gleymum oft að Kristur sjálfur er þarna og að hann geti allt. Sem þá Guð. Og hvað skeði?:

„Jóhannesarguðspjall. 11. 43-44. “Að svo mæltu hrópaði hann hárrí röddu: „Lasarus, kom út! “Hinn dani kom út vafinn líkblæjum á fótum og höndum og með sveitadúk bundinn um andlitið. Jesús segir við fólkið: „Leysið hann og látið hann fara.“- segir Kristur við fólkið. Til að auðvitað vernda hinn endurlífnaða Lasarus. Gera má ráða fyrir að fólk á staðnum hefði þust að honum með hundrað og eina spurningu sem svars þyrfti við - núna.

Málið er að færa persónuna Jesús til andartaksins sem við erum í og gildir um hvern tíma fyrir sig. Jesús er núna! Já, vegna þess að lif! Jesús lifir! Amen.

Ofsóknir gegn fólki Krists.

kirkju hófust þegar eftir gjöf Heilags Anda á Hvítasunnudag er lærisveinarnir voru allir saman komnir í Loftstofunni forðum og urðu fyrir áhrifum af gjöfinni sem Drottinn sagðist senda þeim og kallaði „Huggara- og Hjálpara.“ Eftir gjöfina stærstu hófst boðun og ofsóknir gegn kirkju. Sá sem þar fór fremstur heitir Sál. Hann óð inn í hvert hús og handtók fólk þessa vegar. Hann þyrmdi engum heldur tók alla og gerði eins mikinn usla í röðum þeirra eins og hann frekast gat. Var enda markmið þessa Sál að vinna spjöll í þessu unga samfélagi og hefði líklega gengið af dauðu ef Kristur sjálfur hefði ekki gripið í taumanna og lægt þennan einstakling, sem síðar kom í ljós, og hann viðurkennir sjálfur, að hafi gert af tóMRI vanþekkingu.

Ekkert nýtt sagt hér og en býr kirkju Krists við svipaðar aðstæður og Postulasagan greinir frá og við lesum um í frásögunum af Jesús sjálfum er hann stóð á götum og hvar sem var og kenndi Guðs veg öllum sem heyra vildu en fékk á sig margskonar pústra frá fólki sem var ekki með á nótnum né heldur sá þennan mann sem fremsta mann til þessa sem Guð hafði sent fólkinu. Enda sjálfur frelsarinn sem gæfi öllum líf. Sumir meðtóku. Aðrir meðtóku ekki og er enn með sama hætti.

Fyrir kirkjuna er enn á brattan að sækja. Kirkjulegt starf og boðun Orðsins viðgengst í dag eins og á öllum öðrum tímum sögunar og hefur gert frá sínum fyrsta degi vegna Krists sjálfs. Kirkja hefur aldrei verið í lægð en mis sýnilega fólki í hverjum samtíma, sem er annað mál. Þar sem Kristur er að þar dalar ekkert. Býr enda krafturinn í honum. Fólks er að sækja í hann.

Aldrei tróð Jesús sér upp á nokkurn mann og þeir einir komu sem vildu hlusta og meðtaka. Eða þeir voru þarna til að valda usla. Ekkert nýtt heldur sagt hér og allt enn í gangi:

Postulasagan. 9. 1-5. Sál hélt enn áfram að æða um með líflátshótanir gegn lærisveinum Drottins. Nú fór hann á fund æðsta prestsins og beiddist bréfa af honum til samkundnanna í Damaskus að hann mætti flytja í böndum til Jerúsalem þá er hann kynni að finna og væru þessa vegar, hvort heldur karla eða konur. En þegar hann var á ferð sinni kominn í nánd við Damaskus leiftraði skyndilega um hann ljós af himni. Hann féll til jarðar og heyrði rödd segja við sig: „Sál, Sál, hví ofsækir þú mig?“ En hann sagði: „Hver ert þú, Drottinn?“ Þá var svarað: „Ég er Jesús sem þú ofsækir.“- Hér sjáum við fremsta andstæðing kirkjunnar sem hvað harðast lét að sér kveða í andstöðu sinni gegn kristnu fólki. Hér sjáum við og að Kristur leyfir vissa andstöðu upp að vissu marki. Einnig kemur fram að Sál vinni fyrir yfirvöld sem merkir að ofsóknirnar voru af völdum yfirvalda og einnig að ekki voru það þau sem stöðvudu ofsóknirnar heldur valdið á hinnum, sem er meira valdinu á jörðinni.

Allt er þetta sett fram okkur sem uppi erum núna til hvatningar og uppörvunar því Kristur er hinn sami og velvilji hans til kristni og kristinna einstaklinga eins og við sjáum hér og lýkst upp fyrir okkur í verkinu sem Drottinn vann á þessum ágæta einstaklingi sem hann felldi af hestinum og blindaði um stundarsakir og gerði að einum af sínum öflugasta stólpa kirkjusögunnar og er með okkur til dagsins í dag gegnum Orð Nýja testamentisins.

Nokkurn tíma tók fólkið að meðtaka Sál sem varð Páll. Það þekkti hann af engu nema illu og vissi til hvers hann væri kominn til Damaskus. Ekkert nýtt heldur sagt hér því sannleikurinn er að okkur gengur verkið misvel að meðtaka annað fólk og sérílagi fólk sem einherra hluta vegna við teljum að hafi gert á hlut okkar. Allt er sem sjá má á sínum stað og því engin ástæða til að hrófla neitt við Orði Guðs sem virkar jafn vel í dag og það gerði á tímum frumkirkjunnar. Og verður víst aldrei neitt öðruvísi. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Orðið „Ábyrgð.“ -

- á ekki upp á pallborð umræðunnar nema þegar kemur að peningum og umsýslan peninga. Þá skal ábyrgð tekin, að viðurlögðum refsingum og miklum umræðum í samfélaginu.

Flest sem við gerum krefst ábyrgðar. Líklegt er að fátt fái eins mikla umræðu er kemur að orðinu „Ábyrgð“ og fólk sem sýslar með fjármuni. Vondi kallinn er þar. Stundum að minnsta kosti.

Lífið sjálft krefst ábyrgðar og gildir hún ekki bara um einhverja tiltekna menn og konur í tilteknum störfum samfélagsins heldur berum við öll okkar sem manneskjur.

Það sem hátt fer í umræðunni í dag er fóstureyðingarfrumvarp það sem nú hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi íslendinga sem heimila fóstureyðingu eftir 24 vikna meðgöngu. Menn, sumir, sem um málið tjá sig, telja þetta ótækt því eftir þennan tíma sé barnið myndað og bíði þess eins að komast út til okkar hinna. Í minni bók er barn á vissan hátt myndað undireins og getnaður hefur sér stað. Er það ekki þar sem við byrjuðum öll vora lífsgöngu en hvorki eftir einn tvo eða þrjá mánuði meðgöngunnar? Og er þetta ekki annars borðleggjandi dæmi? Þarf að ræða það eitthvað frekar? Varla. En búið er að rugla svo í þessu að engu tali tekur.

Við töluðum áðan um ábyrgð. Hvað með kynlífið? Vita menn ekki að það þarf kynlíf til á milli karls og konu til að möguleiki á þungun verði? Hver er vandinn og hvar liggur hann. Er málið ekki morguntært?

Menn bera fyrir sig nauðgun sem á sinn hátt eigi að réttlæta lög um fóstureyðingu eftir 24 vikna meðgöngu. Maður spyr sig er þá nauðgun orðin landlægt meini í þessu landi? Eru allir karlmenn þá að nauðga? Tekur einhver undir slíkt sjónarmið. Nauðgun gerist því miður og stundum verða stúlkur ófrískar af hennar völdum. Nauðgun er ekkert annað en hrein ofbeldisaðgerð og skírt brot sem ber að refsa fyrir. En hví vilja menn láta þann einstakling sem með þeim hætti kom gjalda verka annars manns með því að leifa viðkomandi ekki að fæðast? Hver sér réttlæti í slíku? Þessi einstaklingur rétt eins og hvaða einstaklingur annar sem er verður eflaust augasteinn móður sinnar jafnvel þó hann sé til kominn við þessar erfiðu aðstæður. Við verðum að horfa raunsætt á mál.

Eitt sem talað er um í þessu máli sem eigi að réttlæta fóstureyðingar. En það eru fjárhagserfiðleikar manneskjunnar. Hverslags bull er það og hverlags rök? Og hver segir að fjárhagur fólks geti ekki skánað og orðið betri er tímar líða. Blankur í dag merkir ekki blankur um alla ævi. Blankur er yfirleitt tímabundið ástand sem vel getur breyst á morgun. Og hver þekkir ekki þetta og hví vilja menn deyða von fólks um bjarta daga?

Nei vinir. Við þurfum að komast út úr þessu fari og líta raunsætt á mál og vera þetta ábyrgðarfulla fólk sem skiljum lífið og einnig að alltaf er til von og að einhverveginn muni úr rætast. Augnablikið segir okkur fátt. Fólk sem er komið undir skal hafa allan rétt til að

komast alla leið og að lifa með okkur hinum sinn tíma á jörðinni. Ekki er það okkar að ræna einstaklingi þessum rétti sínum.

Drápsmaskínan nasistar gerðu aðsúg að lífi í mörgum myndum og sitt til að eyða því út í umhverfinu og fóru mikinn. Sjálf mat hún hvað væri æskilegt líf og hvað óæskilegt. Stoppum hér og göngum ekki lengra í fóstureyðingunum en förum þess í stað að vinda ofan af þeim og setja í þann eðlilega farveg að hver einstaklingur fyrir sig fái sinn stað með okkur hinum sem nú lifum. Það er farsæl leið og skír vilji Drottins. Jesú lifir! Hann lifir! Amen.

Til eru lyklar

að betra og áhyggjulausara lífi. Lyklar sem menn hafa tekið upp og notað rétt. Nægjusemi er eiginleiki sem menn eru mislagnir við að brúka sjálfum sér til gagns. Samt er nægjusemi angi af rósemi og að líta á lífið þeim augum að svona bara sé þetta. Máski afstaða sem menn hafi sitt hvora skoðun á. Fólk hins vegar sem er þeim megin línu sér gagnið. Enda fólk sem tekur hlutunum eins og þeir koma fyrir og er líklegra til að vera oftast hamingjusamt og glatt fólk en fólk sem hefur ekki þennan eiginleika í sínu líf og lítur svartsýnum augum á kannski of margt hjá sér. Nægjusemi er eitthvað sem menn velja fyrir sig að vera undir. Traust til Jesús er fódrið.

Máski er það svo með blessaða nægjusemina að til sé fólk sem finnst hún ekki vera neitt sérlega spennandi líf. Á móti má spyrja hvað sé þá spennandi líf? Er ekki daglega lífið okkar með sínum spennungi, væri að öllu gáð? Sumir gætu vel tekið undir slíkt sjónarmið og aðrir ef til vill ekki. Fer eftir upplagi hvers og eins og við hvað miðað sé.

Páll postuli var maður sem oft sagði merkileg orð og lærdómsrík sem gagnast kynslóðunum fram á vorrann dag. Hann var maður sem lífið kenndi allskonar sem hann varð að spila úr á hverjum tíma og fara eins vel með og honum var unnt. Sama gildir um mig og þig en árangur misjafn vegna þess að engar tvær manneskjur horfa nákvæmlega eins á lífið:

„Filippibréfið. 4. 11-13. Ég gleðst mjög og þakka Drottni fyrir að hagur ykkar hefur loks batnað svo aftur að þið gátuð hugsað til mín. Að sönnu hafið þið hugsað til mín en gátuð ekki sýnt það í verki. Ekki segi ég þetta vegna þess að ég hafi liðið skort því að ég hef lært að láta mér nægja það sem ég hef. Ég kann að búa við lítinn kost, ég kann einnig að hafa allsnægtir. Ég er fullreyndur orðinn í öllum hlutum, að vera mettur og hungraður, að hafa allsnægtir og líða skort. Allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gerir.“ -

Hér kemur ágætlega fram afstaða Páls til eigin lífs. Við sjáum ekki né heldur lesum um mikla mæðu í þessum orðum Páls heldur erum að horfa á mann sem veit hvað líf sé sem hefur kennt honum lexíuna að hægt sé að vera sátt og glöð manneskja hvernig sem síbreytilegar ytri aðstæður kunna að vera. Páll segir að hann kunni að hafa lítið milli handa sinna og einnig að lifa við allsnægtir. Hér er kominn lykil að gæfu og á sinn hátt að merkilegu lífsmunstri sem ekki bara á við um Pál heldur okkur öll hin sem lært höfum inn á þetta og skilið við hvað sé átt og á eftir tamist við stutt eða lengi af okkar lífi.

Ytri skilyrði eru síbreytileg og viðurkennir Páll þetta og segir að hann kunni að lifa við skort og að hafa alsnægtir. Sem sagt aðbúnaðurinn sem hann lifir við á hverjum tíma raskar ekki ró hans né dregur frá honum neina gleði né neitt það sem má lífga við hjartað, og opna með því leið að öðru kannski dekkra og drungalegra. Að sjá bjartar hliðar er verk trúar. Og upp rifjast Orð Jesús á fleiri en einum stað um að hann muni vel fyrir sjá. Og hvor afstaðan finnst mönnum vera eftirsóknarverðari fyrir sig sjálfa, væri málið skoðað betur? Ætli ekki nægjusemin.

Sjá menn eitthvað eftirsóknarvert að kunn að lifa við smátt, og rýran kost? Máski. Máski ekki. Samt er þetta hlutskipti fólks út um allan heim rétt eins og á dögum Páls. Menn með lítið umleikis fá vissulega áskorun um að halda áfram með sitt venjubundna líf og venjulegu verk hvernig sem allt annað sé. Hér kemur í ljós á hverju líf manneskju byggji. Dregur hún saman seglin tímabundið eða setur sig í skuldir til að halda upp svipuðum lífstíl og verið hefur? Hvora leiðina telja menn farsælli til lengri tíma lítið? Ætli ekki hún sem þar sem menn horfi á staðreyndir. Reikna með því. Enn fáum við staðfestingu um gagnsemi Orða Biblíunnar. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Verk á réttum tíma.

Mikilvægt er að gera verk og hvað annað á réttum tíma. Hver þessi tími er vitum við stundum en þurfum á milli að kafa betur ofaní til að vita. Sumt reyndar getum við ekki vitað og þurfum að bíða. Þetta að bíða, gildir oft í trúnni á Jesús því að hann gerir margt í okkar þágu án þess máski að við hvorki skynjum né vitum. Þá kemur trúin til kastanna og þekkingin sem fyrir er sem segir okkur að Kristur sé að vinna í okkar þágu og líka að Guð sé góður Guð.

Mönnum frá fyrstu tíð hefur gengið verkið erfiðlega að trúa á Krist vegna þess að fyrst og fremst að þekkja hann ekki og finnast lítið til um það sem hann segi og geri. Þekkja hann ekki með réttum hætti. Af svo sem skiljanlegri ástæðu og henni að hafa ekki skilyrðin í sér til Heilagana Anda vantar til að gefa sýnina og skilningin. Allt samkvæmt áætlun Drottins sem eftir Heilagan Anda sér sjálfur um allt verkið hvort sem er kennsla, ræða eða hvaðeina annað sem trúin bíður og maðurinn þarf að vita um til að fá aukin skilning. Drottinn er allt í öllu. Og inn í þessum raunveruleika og stífni manna og kvenna í kring er Jesús liðlangan daginn og þolir álagið vegna þess að vita sjálfur um hvað málið snúist og hví þetta sé svona – Veit með öðrum orðum hver hann er og hverjum tilheyrandi. Lykilátriði er fyrir alla trúða sem vilja endast og svo endast lengur á Akri Guðs að vita þetta. Ekki sjálfgefið en vinnandi vegur að gera. Veistu hver þú ert í Kristi? Kristur vissi það fyrri sig og segir við þig: „Þú getur það líka.“

Ljóst er að trúin er ekki allra:

„Jóhannesarguðspjall.7. 2-5. Nú fór laufskálahátíð Gyðinga í hönd. Þá sögðu bræður Jesú við hann: „Flyt þig héðan og farðu til Júdeu til þess að lærisveinar þínir sjái líka þau verk sem þú gerir. Sá sem vill verða alkunnur starfar ekki í leynum. Fyrst þú vinnur slík verk þá opinbera sjálfan þig heiminum.“ Því jafnvel bræður hans trúðu ekki á hann.“- Hér sjáum við visst háð.

Bræður Drottins litu hann ekki sem sá sem koma skyldi þó þeir hafi þekkt hann best allra manna. Ólust þeir enda upp með honum og gerðu frá fæðingu. Og er þetta bara ekki ágætis vísbending til okkar í dag um hversu erfitt allt trúboð sé og hve miklum erfiðleikum bundið að sannfæra menn um mikilvægi trúar og andleg verk? Jú. Og einnig glögg vísbending um að þetta sé ekki hægt og að verkið sé í grunninn óvinnandi. Rökin sem hér eru sett fram eru að maður án Anda Guðs sé ófær um í sér sjálfum að móttaka Guðs veg. Að því leiti til er verkið óvinnandi. Þú þarft Heilagann Anda.

Sama hversu vel maðurinn er gerður, sama hversu ljúflega framkoma hans er og góður maður að þá bara gengur verkið ekki upp. Menn eru því vonlausir. En ekki fyrir Guði! Guð getur allt. Reyndu að kveikja á ljósaperu sem ekki hefur að sér leiðslur, tengla og rofa sem hlypir á orkunni. Sama hvað þú reyndir, sama hvað þú upphugsaðir að þá er verkið ógerlegt fyrir en allt hitt er komið á sinn stað. Eins er um trúna. Hún verður engum raunveruleg fyrir en eftir gjöf Andans og sú gjöf er frá Guði á himnum. Að við hneykslumst ekki á að sammæðra bræður Drottins fyrir að hafa ekki trúað á hann. Hvort þeir komust síðar til trúar mann höfundur ekki en minnir að einhver þeirra hafi gert það. Þá líka komnir með gjöf Andans:

„Jóhannesarguðspjall. 7. 6. Jesús sagði við þá: „Minn tími er enn ekki kominn en ykkur hentar allur tími.“- Og bendir okkur hinum á hve gott sé að vita sjálfur hvar maður standi og hverjum maður tilheyrir. Er Drottinn þinn herra? Hann er herra höfundar. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Látum af. Gerum það sem gott erþ

Fólk hættir ýmsu sem það áður gerði og hefur tileinkað sér hvort sem er í orðum eða fasi en lét af er trúin birtist. Kristur hefur strax vinnu í hjartanu og er verkslag hans eftir að hafa opinberast manneskju.

Til að byrja með fá menn sömu sýn á Krist. Allir láta sannfærast um að hann sé raunveruleiki og eitthvað fagurt. Af þessu heillast fólk. Annað er hvernig það á eftir vinni úr reynslu sinni og uppljómun er gangan með Kristi hefst.

Þó Kristur leiði hefur maður áfram frjálrsæði. Sumir með tímanum taka aftur upp sitt gamla til að mynda málfar þó lagt hafi niður. Allt sitt gamla fas má, sem sé, endurheimta og byrja aftur með. Ef maður vill. Hvað ég vil er og verður áfram spurning og sumpart daglegt glímuefni mitt. Þetta er réttlæti Guðs sem vill að maðurinn gangi með sér í frelsi:

„1Tímotesuarbréf. 1. 3-6. Þegar ég var á förum til Makedóníu hvatti ég þig að halda kyrru fyrir í Efesus. Þú áttir að bjóða vissum mönnum að fara ekki með villukenningar og gefa sig ekki að kynjasögum og endalausum ættartölum er fremur efla þrætur en trúarskilning á ráðstöfun Guðs. Markmið fræðslunnar er að vekja kærleika af hreinu hjarta, góðri samvisku og hræsnislausri trú. Sumir hafa villst frá þessu og hafa snúið sér að innantómu orðagjálfri.“

Hér sjáum við fólk sem líklegt er að hafa fallið aftur í þá gryfju og er á vissan hátt aftur komið þangað sem það eitt sinn var. Það kemur upp um sig með orðfæri sínu og hvernig það setur

orð sín fram í annarra áheyrn. Það festir sig við allskyns orðagjálfur sem engu máli skiptir og hikar ekki við að rifast við fólk um mál sem tilgangslaust er að nefna og er til þess eins falið að þreyta alla í kring. Og mest það sjálft. Ekki er samt svo að skilja að hér sé ekki trúað fólk á ferð sem Kristur hafi opinberast og birst. Páll talar til trúaðs fólks en sýnir okkur að allt fólk geti gripið í það sem það áður átti, án þess að vera fallið frá trú sinni. Sumu þarf að deyja. Vandinn er að fólkið hefur ekki enn dáið öllu og sýnir með orðaskaki sínu við annað fólk sem margir vitað að er til lítils gagns né mikillar uppbyggingar en efli þrætur. Og auðvitað reiði sem oft vaknar af þrætunni. Við sjáum að gamli maðurinn er vaknaður því sumir voru áður þekktir af því að standa í endalausum rifrildi við annað fólk um bæði mikið og lítið. En hvar er þá þetta nýja sem Kristur segist hafa að bjóða? Það sést ekki er svona háttar til. Vissulega kom hið nýja fram. En svo lagðist það aftur útaf og upp reis hið gamla sem getur verið þrætumaðurinn og hinn sem alltaf stendur í rifrildi við fólk af þeirri ástæðu máski að finnst alltaf að annað fólk vilji valta yfir sig, en er líklega röng afstaða hjá því. Endalausir öfgar. Munum að svona í mörgum tilvikum var gamli maður einstaklinga en dó er Kristur opinberaðist. Ég sjálfur vel að endurlífga hið gamla í mér og - þrasarann. Hann er þarna.

1Tímóteusarbréf. 1. 12-14. Ég þakka honum sem mig styrkan gerði, Kristi Jesú, Drottni vorum, fyrir það að hann sýndi mér það traust að fela mér þjónustu, mér sem fyrrum lastmælti honum, ofsótti hann og smánaði. En mér var miskunnað, sökum þess að ég trúði ekki og vissi ekki hvað ég gerði, og náðin Drottins vors varð stórlega rík með trúnni og kærleikanum sem veitist í Kristi Jesú.“-

Kæru systkini. Sumt þarf að hætta í okkar fari til að Kristur, og um leið þetta nýja, komist að og geti áfram verið með okkur og er það sem Páll bendir á í þessu bréfi. Kristur dó og reis upp til að við legðum stund á alvöru orð og ynnum alvöru verk en dæjum öllum hégóma og orðavaðli sem ekkert gefur nema neikvæða spennu. Og hverjum gagnast hún? Holdinu sem Kristur kom til að deyða í öllu sínu fólki svo að hann sjálfur mætti starfa eins og hann vill. Hver er staðan of hvað í okkur vill lifa? Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Við þurfum trú.

Aftur og ítrekað minnir trúin okkur á hve hún sé nauðsýnleg og að án hennar sé verkið óvinandi. Trúin segir sjálf að oft þurfum við á sér að halda til að fá gert vilja Guðs því oftlega gerist það að við skiljum ekki en gerum þó. Trúin sem sagt greip fram í fyrir hendur okkar og við gerðum verkið. Sjáum ekki andlega þátt málsins sem Jesús er með og veit af og segir nauðsýnlegt verk.

Skil ég skírningina til fulls? Líklega ekki alveg en lét samt skírast í Jesús nafni vegna þess að eitthvað í mér vildi þetta. Og þetta eitthvað heitir „Trú.“ Hún kemur víðar við en við höldum. Að vísu hefur lengi verið deilt um aðferðina við skírn og hvort allur líkaminn þurfi að fara undir vötnin eða nokkrir vatnsdropar á höfuð barns nægi. Um aðferðina deila menn en eru sammála um mikilvægi skírnarathafnarinnar sjálftrar að hún sé nauðsýnleg trúarleg framkvæmd. Skilningur er ekki fyrir öllum okkar trúarlegu athöfnum. Aftur komum við að því sama. Að trúin sé trúuðu fólki nauðsýnleg og skírningin einnig. Þessu, nauðsýn trúar, er ekki gerð mikil skil í ræðu og kennslu og engu líkara en að okkur einhverveginn finnist það bara

sjálfsagt að allir bara viti þetta en höfundur telur talsverðan misbrest á að sé jafn ofarlega í hjörtum fólks og þyrfti að vera. Við sem sagt skiljum ekki allt sem við gerum og þurfum því trú fyrir verkum:

„Jóhannesarguðspjall. 13. 6-11. Hann kemur þá að Símoni Pétri sem segir við hann: „Drottinn, ætlar þú að þvo mér um fæturna?“ Jesús svaraði: „Nú skilur þú ekki hvað ég er að gera en seinna muntu skilja það.“ Pétur segir við hann: „Aldrei að eilífu skaltu þvo fætur mína.“ Jesús svaraði: „Ef ég þvæ þér ekki áttu enga samleið með mér.“ Símon Pétur segir við hann: „Drottinn, ekki aðeins fætur mína, líka hendurnar og höfuðið.“ Jesús segir við hann: „Sá sem laugast hefur þarf ekki að þvost nema um fætur. Hann er allur hreinn. Og þið eruð hreindir, þó ekki allir.“ Hann vissi hver mundi svíkja hann og því sagði hann: „Þið eruð ekki allir hreindir.“- Vatn kemur oft fyrir í Orði Guðs. Að nokkru leiti skiljum við hví en líklega ekki að öllu leiti.

Pétur skiptir skapi er Jesús vill þvo fætur hans og verður sármóðgaður út í hann fyrir að voga sér og leyfa sér að vinna slíkt verk á sér. Var hann ekki einfær um að þvo sér sjálfur? En aldrei stóð til að baða manninn. Segir hann enda að sá sem hefur þvegið sér sé hreinn og þurfi ekki nema fótþvott, en það var síður í landi Gyðinga að skola af fótunum er þeir komu í hús. Fótabúnaður fólks var með öðrum hætti þá en gildir nú og yfirleitt einhverskonar opnir sandalar sem menn gengu í og allt vaðandi í ryki á götunum. Verk Drottins er mynd af þjónustulund síns fólks hvoru til annars. Verk Drottins er andlegur og trúarlegur gerningur sem Jesús segir við Pétur um að skilningurinn á muni koma síðar.

Skiljum við skírninga? Skilningurinn er auðvitað ágætur, gott að skilja, en samt aukaatriði því Guð sjálfur veit hví verkið þurfi að vinnast. Og sjái hann það gert eins og vera ber að þá nægir það frami fyrir honum. Og þar talar mín eigin trú hæst í hans eyru og hjarta sem trúir á Jesús. Sumir hafa meiri skilning á en aðrir en sama hvort er að þá gildir verknaðurinn andspænis augliti Drottins. Og það eitt er allt málið en ekki hvað ég skilji og hvað ekki í trúarlegu tilliti. Í mörgu fáum við skilning af sjálfri göngunni með Jesús en er samt misjafn hvernig er milli manna. Sjáum við ekki mikilvægi eigin trúar? Ég bið Guð um að gefa okkur aukin skilning á akkúrat henni og nauðsýn trúar fyrir okkur.

Höfundur skildi lengi vel ekki hvernig dauði Jesús á krossinum og upprisa hans kæmi sínu eigin lífi við og skilur máski ekki enn en trúir að fyrir nafnið Jesús sé vegurinn fær inn í ríki Guðs á himnum. Hve mikið af skilningi gangan gefa veit hann ekki en veit þó að trú á Jesús sé vegabréfið sem þurfi. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.